

HÓPSJÚKRATRYGGING FÉLAGS LYKILMANNA (FLM)

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 358

Hópsjúkratrygging Félags lykilmanna (FLM) er hóptrygging sem tekur til skráðra félagsmanna á hverjum tíma og greiðir örorkubætur vegna varanlegrar færniskerðingar váttryggðs af völdum sjúkdóms. Um váttrygginguna gilda hópváttryggingarsamningur, skilmálar þessir og Almennir skilmálar félagsins nr. 001.

Váttryggðir eru félagsmenn í Félagi lykilmanna.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Valdi sjúkdómur váttryggðum varanlegri örorku greiðast bætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins. Með sjúkratímabili er átt við það tímabil þegar stöðug skerðing á líkamlegri eða andlegri færni er fyrir hendi af völdum sjúkdóms að hluta eða öllu leyti. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við metna örorku en engar bætur greiðast ef örorka er metin lægri en 25%. Örorku skal meta í hundradshlutum og skal beitt læknisfræðilegu mati. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu. Við mat á örorku skal beita hlutfallsreglu þegar við á. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils og eigi fyrr en þegar greiðslum dagpeninga lýkur með hliðsjón af ástandi váttryggða þá. Telji váttryggði eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá upphafi seinasta sjúkratímabils. Ef líkur eru til að ástand hins váttryggða megi bæta með lækni meðferð, þjálfun og eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Vilji váttryggði eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánuða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá upphafi sjúkratímabils. Ef váttryggði deyr áður en örorkumat fer fram skal örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra gagna og greiða bætur í samræmi við það. Beri andlát að innan árs frá upphafi sjúkratímabils greiðast engar örorkubætur.

3. gr. Undanþágur

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Hvers kyns sjúkdóma sem sýnt höfðu einkenni áður en váttryggingin tók gildi eða váttryggður gekk inn í Félag lykilmanna og honum var eða mátti vera kunnugt um, hvort sem formleg greining hafi átt sér stað eða ekki. Þetta ákvæði takmarkast við fyrstu 48 mánuðina frá framangreindu tímabili.
- Sjúkdóms sem orsakast hefur af notkun áfengis, deyfj- og eiturlyfja.
- Sjúkdóms eða annarra afleiðinga ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema framangreint sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Sjúkdóms sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu nautnalyfja.
- Sjúkdóms vegna eittraðra lofttegunda.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bótafjárhæð örorkubóta reiknast á grundvelli gildandi váttryggingarfjárhæðar á upphafsdegi sjúkratímabils en breytist með launavísitölu til uppgjörsdags.

Hafi váttryggður fengið greiddar bætur úr hópsjúkdómatryggingu FLM vegna sama sjúkdóms eða eigi rétt til slíkra bóta skulu bætur úr váttryggingunni lækka sem nemur helmingi af bótum sjúkdómatryggingarinnar.

5. gr. Tímatakmörk

Bætur greiðast ekki vegna sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á fyrstu þremur mánuðunum eftir að félagsaðild váttryggðs að Félagi lykilmanna tók gildi.

6. gr. Sérregla um váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð miðast við árslauð váttryggðs á sl. almanaksári fyrir gildistöku váttryggingarinnar eða síðustu endurnýjun hennar, enda hafi váttryggður greitt félagsgjald til Félags lykilmanna allt árið. Hafi váttryggður

greitt félagsgjald til Félags lykilmanna í skemmri tíma skulu árslaun váttryggðs miðuð við meðallaun hans á því tímabili sem félagsgjöld voru greidd. Váttryggður skal framvísa til félagsins þeim upplýsingum sem það óskar eftir til staðfestingar á árslaunum vegna tjónsuppgjörs.

Váttryggingarfjárhæðir eru tilgreindar í bótatöflu sem er aðgengileg félagsmönnum í Félagi lykilmanna.

7. gr. Sérregla um upphaf og lok ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins gagnvart þátttakanda í hópi hefst kl. 00:00 daginn eftir að hann ritar undir skriflega inngöngubeiðni/upplýst samþykki um inngöngu í Félag lykilmanna og fer á félagaskrá þess. Váttryggingin fellur niður gagnvart váttryggðum 14 dögum eftir að váttryggingartaka berst úrsögn váttryggðs úr FLM.

8. gr. Sérregla um iðgjaldsgreiðslur

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald váttryggingarinnar til félagsins í samræmi við samning um váttrygginguna og gildandi iðgjaldaskrá á hverjum tíma.

Váttryggingartaki innheimtir mánaðarlegt gjald af launum váttryggðra félagsmanna til þess að standa undir iðgjaldi tryggingarinnar. Verði vanskil á greiðslu váttryggðs í 60 daga skal váttryggingartaki senda honum skriflega áskorun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Berist greiðsla ekki innan þess frests fellur ábyrgð félagsins gagnvart þeim félagsmanni niður til samræmis við 96. og 131. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Hafi vinnuveitandi váttryggðs félagsmanns sannanlega haldið iðgjaldi eftir af launum hans án þess að standa skil á þeim til váttryggingartaka heldur félagsmaður þó réttindum sínum á meðan innheimtuaðgerðir standa yfir. Hafi innheimtuaðgerðir vegna vanskila vinnuveitanda félagsmanns ekki borið árangur innan 60 daga frá því þær hófust skal váttryggingartaki sannanlega tilkynna félagsmanni um að aðild hans að váttryggingunni falli niður að 30 dögum liðnum standi launagreiðandi ekki skil á iðgjöldum til váttryggingartaka innan þess tíma.

9. gr. Sérregla um lok váttryggingar

Hyggist félagið ekki endurnýja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi þremur mánuðum áður en váttryggingartímabilinu lýkur.

Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingunni gagnvart váttryggingartaka eða einstökum váttryggðum þátttakanda í þeim tilvikum sem greinir í 6. gr. almennra skilmála félagsins. Ef til uppsagnar kemur gagnvart einstökum þátttakanda skal váttryggingartaki tilkynna honum sannanlega um niðurfellingu váttryggingaverndar í samræmi við nánari fyrirmæli félagsins. Félaginu er jafnframt heimilt að senda slíka tilkynningu til þátttakanda svo jafngilt sé, enda sé váttryggingartaka tilkynnt um það.

Váttrygging þessi veitir ekki rétt til framhaldstryggingar af neinu tagi.

10. gr. Aldursmörk

Váttryggingin fellur úr gildi gagnvart váttryggðum þegar hann nær 60 ára aldri. Váttryggingin tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára.

Skilmálar þessir gilda frá 01. apríl 2022